

13. fundur

Fundur var haldinn hjá safnanefnd Stykkishólms miðvikudaginn 17. nóvember 1999 kl. 17:30 í Amtbókasafninu.

Mættir voru: Guðrún A. Gunnarsdóttir, formaður, Ægir Jóhannsson, Laufey Hjaltalín, Guðrún Marta Ársælsdóttir og Guðmundur Andrésón.
Auk þeirra Sigurlína Sigurbjörnsdóttir, forstöðumaður Amtbókasafnsins.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2000.
2. Önnur mál.

Formaður setti fund kl. 17:34. Nefndarmenn gengu um húsið og könnuðu ástand glugga og veggja sem þarfnast viðhalds.

1. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2000.
Kostnaðarliðir og áætlun ársins var yfirfarin. Sigurlína lagði fram lista með tillögum sem nefndin fór yfir. Gert er ráð fyrir að nýr liður Þróunarsjóður bætist við kr. 300.000. Málning á útlánasal og sólvarnarfilmu í glugga kr. 200.000.
Geta má þess að engin man lengur hvenær var málað síðast en talið að það hafi verið 1965. Kaupa þarf tölvu í útlán kr. 200.000. Liðurinn bókakaup verði kr. 1.000.000. Ráðgert er að byrja myndbandakaup á næsta ári. Byggingarfulltrúa verði falið að gera úttekt á ástandi hússins, meðal annars þaki og gluggum.
2. Önnur mál.

Formaður sagði frá að bæjarstjórn hefur samþykkt erindisbréf fyrir safnanefnd.

Rætt um fyrirhugað bátaminjasafn. Formaður sagði frá að á fundi fjárlaganefndar Alþingis með bæjarfulltrúum hefði málið verið rætt. Guðrún Marta bendir á að reynandi sé að sækja um styrk frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Formaður sagði frá að Guðrún Marta Ársælsdóttir hefur verið kjörin aðalmaður í safnanefnd í stað Gunnars Gunnarssonar.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:26.

Guðmundur Andrésón, fundarritari (sign.).

Guðrún A. Gunnarsdóttir (sign.),

Guðrún M. Ársælsdóttir (sign.),

Laufey V. Hjaltalín.